



Ný-Valtýskan og landsrjettindin eftir Einar Benediktsson 1902

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Einar Benediktsson – Ný-Valtýskan – Landsrétindi –
Landsrjettindin - Félagsprentsmiðjan – 1902

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Benediktarskjöl

Askja 5-1, Örsk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jóhann Luuissón

NÝ-VALTÝSKAN

OG

LANDSRJETTINDIN

EPTIR

EINAR BENEDIKTSSON.

REYKJAVÍK.

PRENTAÐ Í FÉLAGSPRENTSMÍÐJUNNI.

1902.

Þeim stjórnarskipunarlögum landsins, sem enn þá eru gildandi (stjórnarskrá 5. jan. 1874, 61. gr.), er ákveðið, að *þjóðin* skuli með nýjum kosningum *leggja sinn dóm* á breytingar eða viðauka á stjórnarskránni er alþingi kynni að samþykka.

Nú hefur þingið samþykkt slíka breyting, og nú á *þjóðin* fyrir sitt leyti að láta álit sitt uppi um breytinguna.

Það er *ósatt*, að *þjóðin* hafi þegar látið álit sitt uppi í þessu efni. Það er *sögulega ósatt*, því að frumvarp stjórnarinnar felur í sér ákvæði, sem konungsboðskapur sá, er á undan fór, minntist ekki á og benti ekki til. Og það er samkvæmt orðum og anda stjórnarskrárinnar sjálfrar *ósatt*, að *þjóðin* geti bundið atkvæði sitt fyrirfram til fylgis við stjórnarskipunarbreytingu, sem á að leggjast fyrir nýtt þing eptir nýjar kosningar.

Þeir menn, sem hafa ýmsra orsaka vegna greitt atkvæði með þessu stjórnarskipunarnýmæli á þinginu, hafa sumir hverir látið heyra til sín í þá átt, að þeir hefðu vissu um það fyrirfram, að *þjóðin* mundi ganga að þessu — að hún væri bundin sjálf við það, sem þingið nú hefði gjört. En það er *ósatt* og löglaust mál. *Atkvæði þjóðarinnar er frjálst* um þetta mál og frjáls hugsun í landinu hefur *stjórnskipulegan* rjett til þess að ræða þetta mikilvæga mál fyrir næstu kosningar, fyrir næsta þing og á næsta þingi með öllum þeim rökum og allri þeirri nákvæmu ihugun, sem þýðing þess fyrir framtíð Íslands sannarlega heimtar.

Úr athugasemdunum.

Við 1. gr. í frumvarpi alþingis (2. gr. stjórnarskrárinnar) er þannig farið fram á að bætt sje, að ráðgjafinn skuli hafa aðsetur í Reykjavík, en fari svo opt, sem þörf gerist, til Kaupmannahafnar til þess að bera upp fyrir konungi í ríkisráðinu lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir. Að þessar stjórnarathafnir sjeu bornar upp í ríkisráðinu, er nú sem fyr stjórnarfarsleg nauðsyn, og eins og það er *sjálfsögð meginregla*,* að málin sjeu borin upp af þeim ráðgjafa sjálfum, sem stendur fyrir þeirri grein mála, sem þau heyra undir, eins mun það og, þegar um íslensk mál er að ræða, vera *haganlegast í raun og veru*, að þau sjeu borin upp af ráðgjafa Íslands sjálfum, þar sem hann er nákunnugur högum og háttum landsins og stendur í beinu sambandi við alþingi. Og návist hans þar yrði *með öllu nauðsynleg þá*, er vafi kæmi upp um það, hvort eitt eða annað af þeim málum, sem hann vildi hafa fram í ríkisráðinu, stofnaði eigi eining ríkisins í hættu eða kynni eigi að skerða jafnrjetti allra danskra ríkisborgara. Því þar sem það *auðvitað gæti ekki komið til mála*, að nokkur hinna ráðgjafanna færi að skipta sjer af neinu því, sem er sjerstaklega mál Íslands, þá er það hinsvegar eins sjálfsagt, að það væri *skylda allra hinna ráðgjafanna að mæla í móti*, ef Íslandsráðgjafinn gerði tilraun til að ráðast á annaðhvort þessara tveggja atvikið, alveg á sama hátt og það væri rjettur og skylda Íslandsráðgjafans að mæla í móti, ef reynt yrði frá Dana hálfu að losa um sambandið við Ísland, eða halla jafnrjetti Íslendinga í konungsríkinu, á við aðra danska þegna.

*) Leturbreytingar gjörðar í endurprentuninni.

